



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. desember 2020.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (frádráttur), á þingskjali 29 - 29. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 18. nóvember 2020 er KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og tillögum.

Í frumvarpinu er lagt til að við 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði aukið nýjum staflið, C-lið, þar sem kveðið verði á um frádrátt vegna tiltekinnna fjárfestinga. 30. gr. laga nr. 90/2003 fjallar um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar, sbr. yfirskriftina „*Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar*“ og upphafsorð 1. mgr. „*Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga.*“ Að virtri þessari afmörkun lagagreinarinnar skýtur skökku við að í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að frádráttur sá sem lagður er til verði frá tekjum skv. A- og B-liðum 7. gr. Tekjur samkvæmt B-lið 7. gr. eru tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi. Tillaga þessi um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi manna er í mótsögn við upphafsákvæði 30. gr. og yfirskrift greinarinnar. Vert er að geta þess að manni sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að reikna sér endurgjald fyrir störf sín við reksturinn. Reiknaða endurgjaldið telst til kostnaðar í rekstrinum, skv. 3. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 en til tekna mannsins skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga. Frádráttur sá sem lagður er til getur því nýst manni sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi þótt frádrátturinn verði ekki frá rekstrartekjum hans. Með vísan til framanritaðs leggur KPMG til að úr 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins ferð fellt brott „og B-“ þannig að málgreinin hljóði: Frádráttur samkvæmt þessum staflið heimilast frá tekjum skv. A-lið 7. gr.

Í þremur töluliðum 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru tilteknar þær fjárfestingar sem ætlað er að mynda frádráttarrétt. Afmörkun fjárfestinga í fyrri tveimur töluliðunum er: Annars vegar í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga. Hins vegar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga. Þótt afmarkanir þessar séu skýrar hvað varðar tegund verðbréfa kunna að vera áhöld um hvort eingöngu er átt við hlutabréf í íslenskum félögum og hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum starfræktum á hér á landi, eða hvort átt er við hlutabréf og hlutdeildarskírteini í víðari skilningi. Jafnframt kunna að vera áhöld um hvort með orðunum „sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga“ er eingöngu átt við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á grundvelli laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, eða hvort orðunum er jafnframt ætlað að taka til verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á

verðbréfamarkaði eða markaðstorgi utan Íslands sem sambærilegar reglur gilda um. Af greinargerð frumvarpsins má ætla að átt sé við hlutabréfa og hlutdeildarskírteini sem tekin hafa verið til viðskipta á grundvelli laga nr. 108/2007. Til að taka af allan vafa í þeim efnum mætti í umræddum 1. og 2. tölul. auka við „skv. lögum nr. 108/2007“ aftan við orðin „sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga“.

Óljósari er afmörkun fjárfestingar í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem er „hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði“. Ætla verður að átt sé við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. ákvæði laga nr. 108/2007. Hugtakið hlutabréfasjóður er ekki skilgreint í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, eða í lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Í daglegu tali er orðið hlutabréfasjóður viðhaft um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem samkvæmt fjárfestingastefnu sinni fjárfesta aðallega í hlutabréfum, hvort heldur hlutabréfin eru skráð til viðskipta á markaði eða ekki. Í greinargerð frumvarpsins segir: „Með frumvarpinu er einstaklingum veitt heimild, með ákveðnum takmörkunum, til að draga frá tekjuskatti kaup á skráðum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og hlutabréfasjóðs sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað eða fjárfesta eingöngu í skráðum hlutabréfum.“ Af framansögðu má ráða að frádráttarrétt sé ætlað að mynda fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, að því tilskildu að hlutdeildarskírteinin hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og að þau staðfesti hlutdeild í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði sem eingöngu fjárfestir í hlutabréfum, óháð því hvort þau hlutabréf eru skráð til viðskipta á markaði eða ekki. Athygli vekur að í umræddum 3. tölulíð er einvörðungu vísað til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði en ekki til skráningar á markaðstorgi fjármálagerninga. Ekki verður af greinargerð frumvarpsins ráðið hvað því veldur. Miðað við skilning KPMG mætti orða 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins svo: Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða, er eingöngu fjárfesta í hlutabréfum, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga skv. lögum nr. 108/2007.

2. mgr. 1. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 100% af verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærrí en 250.000 kr. hjá einstaklingi og 500.000 kr. hjá hjónum.“ Kaup og sala hlutdeildarskírteina er hér ekki tiltekin þrátt fyrir að í 1. mgr. sé lagt til að kaup hlutdeildarskírteina myndi rétt til frádráttar. Þá gæti notkun orðsins verðmæti valdið misskilningi. Enn fremur verður að ætla að 500.000 kr. hámarksfjárhæð frádráttar sé ekki aðeins ætlað að gilda um fólk í hjúskap (hjón) heldur einnig sambúðarfólk sem sætir samsköttun með sama hætti og hjón. KPMG telur glegggra að orða 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins svo: Frádráttur skal nema kaupverði hlutabréfa og hlutdeildarskírteina samkvæmt 1. mgr. að frádrægnu söluverði hlutabréfa og hlutdeildarskírteina samkvæmt 1. mgr. á sama ári, en skal þó aldrei vera hærrí á ári en 250.000 kr. hjá einstaklingi og 500.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki sem telur fram og sætir skattlagningu samkvæmt 62. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til skilyrði um eignarhald hlutabréfa og hlutdeildarskírteina yfir „þrjú áramót“. Þar sem orðið áramót er fleirtöluorð færri betur á að viðhafa orðin þrenn áramót. Í málgreininni er lagt til að sala teljist ekki vera rof á skilyrðinu ef innan 30 daga á sama ári er í stað seldra hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina keypt önnur sem uppfylla skilyrði 1. mgr. Álitamál kann að vera þegar svo háttar til hvort horfa skuli til samanlagðs eignarhaldstíma seldra og keyptra verðbréfa eða hvort við hinn síðari kaup hefjist nýr eignarhaldstími yfir þrenn áramót að lágmarki. Í ljósi markmiðs með ákvæðunum telur KPMG eðlilegt að horft verði til samanlagðs eignarhaldstíma. Það mætti lögfesta með því að auka við 3. mgr. 1. gr. málslið er hljóðaði: Við endurfjárfestingu samkvæmt 3. másl. telst skilyrði um eignarhaldstíma uppfyllt ef samanlagður eignarhaldstími



seldra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina og hlutabréfa og hlutdeildarskírteina keypra í þeirra stað nær yfir þrenn áramót.

Að lokum telur KPMG rétt að benda á ætlaða misritun í greinargerð frumvarpsins þar sem segir „Með frumvarpinu er einstaklingum veitt heimild, með ákveðnum takmörkunum, til að draga frá tekjuskatti ...“ Orðið „tekjuskatti“ virðist hér hafa verið ritað fyrir mistök í stað orðsins tekjum, enda er í efnisgrein frumvarpsins lagður til frádráttur frá skattskyldum tekjum en ekki frá reiknuðum skatti af þeim tekjum.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.



2. desember 2020
2011117

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt (frádráttur) 29. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 18. nóvember 2020 þar sem óskað var eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (29. mál).

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til markmiða frumvarpsins að því leyti sem þau lúta að sértækum aðgerðum í skattamálum en verði frumvarpið samþykkt þyrfti þó að huga að eftirfarandi.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur heimild til frádráttar til fjárfestinga í „*hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í hlutabrefum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga*“.

Í fyrsta lagi er ekki ljóst hver tilgangurinn er með því að takmarka gildissvið töluliðarins við verðbréfasjóði þegar stór hluti sjóða sem starfræktir eru á Íslandi sem heimilt er að markaðssetja til almennings og fjárfesta eingöngu/meginstefnu til í hlutabrefum eru reknir í formi fjárfestingarsjóða. Gera má ráð fyrir að slíkt valdi hvata til að velja verðbréfasjóði fram yfir fjárfestingarsjóði.

Í öðru lagi er orðalagið í ákvæðinu takmarkað við hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þó að íslenskir verðbréfasjóðir séu eingöngu reknir á formi hlutdeildarsjóða þá eru verðbréfasjóðir á EES-svæðinu reknir á ýmsum öðrum félagaförum. Eðlilegar væri því að ákvæðið taki til fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða.

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur það til „*hlutdeildarskírteina hlutabréfasjóða*“. Orðalagið „*hlutdeildarskírteini hlutabréfasjóða*“ er ekki í samræmi við viðtekna hugtakanotkun í félagarétti. Hlutdeildarskírteini eru aðeins gefin út af sjóðum sem eru reknir í formi hlutdeildarsjóðs og gefa ekki út hlutabréf en sjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutafélög og samlagshlutafélög) gefa ekki út hlutdeildarskírteini. Endurskoða þyrfti því orðalag töluliðarins hvað þetta varðar og einnig þyrfti skilgreina hugtakið „*hlutabréfasjóður*“ í skilningi ákvæðisins.

Þá er ekki ljóst hvort markmið ákvæðis 3. töluliðar sé að frádrátturinn nái til fjárfestingar í sjóðum sem eru skráðir á markaði óháð fjárfestingarstefnu þeirra eða sjóðum sem hafa skráð hlutabréf eða hlutdeildarskírteini á markaði og fjárfesta eingöngu í hlutabréfum. Kröfu um 100% fjárfestingu væri heppilegt að setja fram með þeim hætti að eingöngu væri heimilt að fjárfesta í hlutabréfum eða öðrum sjóðum sem eingöngu er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum samkvæmt fjárfestingarstefnu í stað þess að miða við raunfjárfestingar sjóðanna. Að öðrum kosti gæti krafan valdið vandkvæðum í framkvæmd og sett sjóðum of þröngar skorður hvað varðar tímasetningar fjárfestinga og áhættustýringu. Einnig verður að hafa í huga að einstaklingur sem fjárfestir í slíkum sjóði hefur engin tök á að fylgjast með raunfjárfestingum sjóðs yfir allt árið.

Endurskoða þyrfti því orðalag töluliðarins í ljósi þessara athugasemda.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að „*Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 100% áf verðmæti keypra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærrí en 250.000 kr. hjá einstaklingi og 500.000 kr. hjá hjónum.*“. Ekki er ljóst hvort skilyrðið um að verðmæti keypra hlutabréfa sé meira en seldra hlutabréfa taki til sölu á öllum hlutabréfum eða aðeins til sölu hlutabréfa þar sem þriggja ára eignarhaldsskilyrði 3. mgr. 1. gr. hefur ekki verið náð. Að sama skapi er ekki ljóst hvers vegna orðalag ákvæðisins er takmarkað við hlutabréf og tekur ekki til hlutdeildarskírteina.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tilgreint hvernig fara skuli með þegar fjárfestir ráðstafar hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum í sjóði með sölu áður en eignarhald hefur staðið í þrjú ár. Ekki er hins vegar tiltekið hvernig fara skuli með þegar ráðstöfun á sér stað með öðrum hætti svo sem þegar sjóð er slitið eða arfleiðsla á sér stað innan þriggja ára tímamarksins. Skoða þyrfti því hvort ástæða sé til að endurskoða ákvæðið hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Unnur Gunnarsdóttir
varaseðlab.stj. fjármálaeftirlits

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Unnur Gunnarsdóttir

Kennitala: 0202574159

Tími: 03.12.2020 10:28

Samþykkt

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Páll Friðriksson

Kennitala: 1001815769

Tími: 03.12.2020 10:56

Samþykkt

Undirritað með 

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.12.2020
Tilvísun: 20201106741

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (frádráttur) – þingmál 29, þskj. 29

Ríkisskattstjóri hefur þann 18. nóvember sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á því að veita umsögn um framangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda:

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (tsl.) sem kveður á um að einstaklingum verði veitt heimild, með ákveðnum takmörkunum, til að draga frá tekjum skv. II. kafla tekjuskattslaga andvirði kaupa á skráðum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem fjárfesta eingöngu í skráðum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum í hlutabréfasjóðum sem eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að það byggist á grunni áður gildandi 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt, en ákvæðið var fellt brott úr lögnum árið 2002.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru taldir upp þeir fjárfestingarkostir sem veita munu rétt til frádráttar tekjum. Fjárfestingarkostirnir eru bæði hlutabréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga, og tiltekin hlutdeildarskírteini. Þau hlutdeildarskírteini sem veita rétt til frádráttar eru bæði hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem eingöngu fjárfesta í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, og hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án þess þó að hnykkst sé sérstaklega á þeirri kröfu að hlutabréf standi eingöngu að baki fjárfestingum sjóðanna. Ekki verður annað séð en að frádráttarheimildin nái bæði til kaupa á hlutabréfum í innlendum og erlendum hlutafélögum, og til innlendra og erlendra verðbréfasjóða, sem uppfylla þá skilyrði um að fjárfesta einungis í hlutabréfum. Skilyrðið er eingöngu að um verðbréf sé að ræða sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga. Að því leytinu til er fyrirhuguð frádráttarheimild mun rýmri en eldri hlutabréfafrádráttur skv. lögum nr. 9/1984 um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að ríkisskattstjóri þurfi að staðfesta að hlutabréf fullnægi skilyrðum laganna ólíkt því sem gildi í eldri lögnum. Að þessu leyti er regluverkið því hér einfaldara.

Frádráttur skv. 2. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og skal vera allt að 100% af verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærrí en 250.000 kr. hjá einstaklingi og 500.000 kr. hjá hjónum. Keypt hlutabréf sem veita hér rétt til frádráttar eru hlutabréf sem falla undir 1. mgr. lagagreinarinnar umfram verðmæti seldra

hlutabréfa á árinu. Ekki kemur berlega fram hvaða seld hlutabréf koma hér til frádráttar hlutabréfakaupum. Er þannig einungis átt við seld hlutabréf sem uppfylla skilyrði 1. mgr. komi til frádráttar hlutabréfakaupum eða skulu öll seld hlutabréf hjá viðkomandi koma til frádráttar hlutabréfakaupunum? Ef það eru bara hlutabréf sem uppfylla skilyrði 1. mgr. sem koma hér til frádráttar þá gæti það leitt til þess að einstaklingur selji hlutabréf sem ekki veita rétt til frádráttar og kaupi hlutabréf sem eru frádráttarbær og fái þannig lækkun á tekjuskattsstofni án þess að vera að auka verðbréfaeign sína, sem þó er markmið laganna.

Það er mat ríkisskattstjóra að óljóst sé hvort skilyrði 2. mgr. um aukningu á fjárfestingu nái bæði til hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Af greinargerð verður skilið að með hlutabréfakaupum sé bæði átt við kaup á hlutadeildarskírteinum og kaup á stökum hlutabréfum. Samkvæmt orðanna hljóðan nær takmörkunin þó aðeins til hlutabréfakaupa, þ.e. beins eignarhalds á hlutabréfum, en allur munur er á því í skattalegu tilliti, hvort selt er hlutabréf eða hlutdeildarskírteini. Ef svo er þá vaknar spurningin hvort einstaklingur geti selt hlutdeildarskírteini í einum verðbréfasjóði og keypt í öðrum fyrir sömu fjárhæð og engu að síður átt rétt á frádrætti vegna nýfjárfestingar í hlutabréfum. Í slíkum tilvikum myndi því flutningur á verðbréfaeign milli sjóða skapa rétt á frádrætti.

Samkvæmt frumvarpinu munu löggin taka gildi 1. janúar 2021. Í 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. er frádráttarheimild sem heimilar einstaklingum að draga frá tekjuskattsstofni, að viðbættum fjármagnstekjum hlutabréfakaup í tilteknum félögum sem eru að auka hlutfé sitt. Ákvæðið nær til fjárfestinga á árinu 2021. Á árinu 2021 gætu einstaklingar því átt rétt á tvenns konar frádrætti vegna hlutabréfakaupa, samkvæmt 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. og C-lið sömu lagagreinar samkvæmt frumvarpinu. Utanumhald og eftirlit með hlutabréfaeign einstaklinga mun því flækjast enn frekar og ástæða kann að vera til þess að kveða á um það í hvaða röð nýta skuli þá frádráttarliði sem hér um ræðir.

Hlutabréfaeign einstaklinga er talin fram á RSK 3.19. Nú eru hlutabréf sundurliðuð á eyðublaðinu í:

- almenn íslensk hlutabréf,
- hlutabréf með tekjuskattskvöð, sbr. 9. gr. tsl.,
- sérstök hlutabréf sem keypt voru á árunum 1990–1996 í félögum sem ríkisskattstjóri veitti staðfestingu að uppfylltu skilyrði III. kafla laga nr. 9/1984,
- hlutabréf sem veita frádrátt skv. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., og
- erlend hlutabréf

Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til mun líklega þurfa að bæta við enn einum hlutabréfaflokknum á eyðublaðið. Því mun óhjákvæmilega fylgja kostnaður og flækja framtalsskil og eftirlit.

Engin sambærileg eignaskrá fylgir framtali einstaklinga vegna eignarhalds á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum. Ákvæði 2. og 3. töluliður 1. mgr. frumvarpsins eykur þörf á að útbúin verði sams konar eignaskrá yfir hlutdeildarskírteini (og önnur slík verðbréf), sambærilega við RSK 3.19 fyrir hlutabréf. Nokkur kostnaður mun fylgja slíkri viðbót við einstaklingsframtalið.

Þá vekur sérstaka athygli að samkvæmt 5. mgr. 1. gr. er gert ráð fyrir að frádrátturinn heimilist bæði á móti tekjum skv. A- og B-lið 7. gr. Með frumvarpinu er verið að bæta við nýjum lið, C-lið í 1. mgr. 30. gr. tsl. Í 30. gr. er einungis kveðið á um frádrátt frá tekjum sem ekki eru tengdar atvinnurekstri. Því verður að telja að ósamræmi felist í því að bæta inn í lagagreininna frádráttarheimild af þessum toga á móti tekjum af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi vegna alls ólíkra reglna við skattskil. Þannig vakna ýmis álitamál við að heimila að frádráttur þessi heimilist einnig á móti atvinnurekstrartekjum. Spurning er með nýtingu þessar tvíhliða heimildar, þ.e. kæmi frádrátturinn fyrst frá tekjum á móti launatekjum og síðan á móti atvinnurekstrartekjum eða yrði það valkvætt? Hvar ætti frádráttur á móti atvinnurekstrartekjum að koma m.t.t. rekstraruppgjörs? Í 4. mgr. er kveðið á um að ekki sé heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. Frádrátturinn getur því væntanlega ekki myndað yfirfæranlegt tap eða frestað nýtingu yfirfæralegs taps frá fyrri árum. Frádráttarliðurinn þyrfti því að fá sérstaka meðhöndlun í skattalegu uppgjöri atvinnurekstrar. Ríkisskattstjóri leggur til að 5. mgr. 1. gr. verði orðuð svona: „Frádráttur samkvæmt þessum staflíð heimilast frá tekjum samkvæmt A-lið 7. gr.“

Loks bendir ríkisskattstjóri á að ekki komi fram í frumvarpinu hvernig fara skuli með frádrátt í tilviki hjóna, þ.e. hvort bæði skuli njóta frádráttar og þá með hvaða hætti. Þá kemur til álita að fjárhæðin 250.000 kr. miðist við einstakling og verði þannig 500.000 kr hjá hjónum og færist til frádráttar hjá því hjóna sem hærrí hefur hreinar tekjur, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. tekjuskattslaga. Nauðsynlegt er að lagatextinn taki skýrt á þessu atriði.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Jón Á. Tryggvason